



**SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND**  
**Samþykktir**

**Menningarsjóður**  
**Sveitarfélagsins Skagastrandar**

**Samþykktir og úthlutunarreglur:**

1. gr.

Hlutverk menningarsjóðs er að styðja við og styrkja menningu- og listir í sveitarfélaginu. Hann hefur það markmið fyrst og fremst að efla hvers kyns menningarstarf með fjárframlögum. Er þá átt við myndlist, tónlist, leiklist, ritlist, varðveislu menningar, menningarviðburði og yfirleitt flest það sem flokka má sem menningu. Markmið sjóðsins er að styrkþegar efli menningu í sveitarfélaginu.

2. gr.

Stjórn menningarsjóðsins er tómtunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar eins og hún er skipuð á hverjum tíma. Við afgreiðslu erinda til nefndarinnar gilda samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins nr. 887/1999, með síðari breytingum.

3. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer að jafnaði fram einu sinni á ári. Auglýst skal með venjubundnum hætti eftir umsóknum og skulu þær vera á sérstökum umsóknareyðublöðum sem stjórn sjóðsins lætur útbúa. Sjóðsstjórn skal taka ákvörðun um tímafresti umsókna og kynna þá með auglýsingu.

Greiðsla á úthlutaðum styrk getur verið bundin því að viðkomandi menningar- eða listviðburður hafi farið fram en þarf ekki að vera það í þeim tilfellum þegar styrkur er veittur til menningar- eða listastarfs.

Sjóðsstjórn getur tekið ákvörðun um að styrkja menningarstarfsemi án umsóknar ef hún telur ríka ástæðu til og fjárheimildir leyfa.

4. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu skulu einkum vera þessi:

Að umsækjandi eigi heimilisfesti í sveitarfélaginu

Að umsóknin falli að markmiðum sjóðsins.

5. gr.

Þeir fjármunir sem stjórn menningarsjóðs hefur til úthlutunar árlega eru skv. ákvörðun sveitarstjórnar og skal gera grein fyrir þeim í fjárhagsáætlun hvers árs.

6. gr.

Sjóðsstjórn skal að lokinni úthlutun úr sjóðnum gera sveitarstjórn grein fyrir úthlutun og hvaða umsóknir hafi borist um styrk úr sjóðnum.

7. gr.

Samþykktir þessar eru settar af Sveitarstjórn Skagastrandar og gilda frá samþykktardegi þar til sveitarstjórn ákverður að fella þær úr gildi.

Skagaströnd, 1. desember 2006.